**Ed.** **150. Tillaga**

til þingsályktunar um rannsókn simaleiða í Rangárvallasýslu.

Frá Eggert Pálssyni.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um:

1. Að rannsakaðar verði sem allra fyrst leiðir fyrir þriðja flokks símalínur þær, sem 4. gr. laga nr. 35, 20. október 1913, um ritsíma- og talsímakerfi Íslands, gerir ráð fyrir að lagðar verði upp á Land, niður á Þykkvabæ og inn að Hlíðarenda.
2. Að byrjað verði á að leggja línur þessar, að lokinni rannsókn, svo fljótt sem kostur er á.